Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

Athugið að viðbót er komin við gíró-númerið 27810-6.

Ársáskrift.........3000 kr.
Hálfsársáskrift......1800 kr.
Ársfjórðungsáskrift..1000kr.
Baráttuáskrift (gildir fyrir heilt ár)........5000 kr

7. tölublað. Þriðjudagur 1. mars. 1977. 6. árgangur Verð kr. 60.

Skattafrumvarpið: Aukin skattpíning!

Frumvarpssvívirða ríkisstjórnarinnar í skattamálum hefur hlotið makleg málagjöld meðal almennings og verið afhjúpuð sem frek tilraun leiksoppa auðvaldsins í ráðherrastólum til að þyngja enn óbærilegar skattabyrðar á vinnandi alþýðu. Sýnt hefur verið fram á að ef frumvarpið nær fram að ganga veldur það hækkun skatta á öllum launatekjum hjóna þar sem bæði vinna utan heimilis. Frumvarpið er því bein árás á grundvallaratriði baráttunnar fyrir jafnrétti kynja og kemur til með að útiloka konur frá vinnumarkaðinum. Frumvarpið gerir aftur á móti ráð fyrir lækkun skatta á hátekjumönnum þar sem eiginmaðurinn vinnur einn fyrir tekjunum. Skattar á einstæðum foreldrum eru stórhækkaðir. Síðast en ekki síst leiðir frumvarpið til 25-30% skerðingar á frádráttarliðum sjómanna.

Stjórnmálamennirnir eru lýðsskrumarar

Síðastliðið haust var mikið rætt um skattleysi stórfyrirtækja og eignamanna. Þótti mönnum skrítið að 511 stórfyrirtæki í Reykjavík með 37 milljarða kr. veltu skyldu ekki borga eyri í tekjuskatt. Svo ekki sé talað um 473 tekjuskattslausa fátæklinga í stétt atvinnurekenda og forstjóra. Vildi fólk breytingar á þessu óréttlæti, að erfiðismenn landsins greiddu okurskatta af naumum tekjum til að halda uppi alls konar Arnarness-flottræflum og iðjuleysingjum. Þessi óánægja neyddi stjórnvöld til að lofa breytingum. Voru hátíðlegar yfirlýsingar gefnar út um að nú skyldi stagað í götin á skattakerfinu og löglegum skattsvikum útrýmt. En auðvitað fylgdi ekki hugur máli. Það reynir almenningur í dag. Ríkisvald atvinnurekenda þyngir ekki gjöld á atvinnurekendum þótt almenningur krefjist þess. Það eru stéttarhagsmunir burgeisanna sem stjórnmálamennirnir stjórnast af, hagsmunir sem eru algerlega andstæðir okkar. Hlutverk þeirra er lýðskrum. Þeir eiga að reyna að lægja ólguna meðal almennings vegna ranglætisins og kúgunarinnar með blekkingum og falsumbótum. Nýja skattafrumvarpið er dæmigert fyrir slíkar starfsaðferðir ríkisvaldsins, nema hvað það sést óvenjulega vel gegnum blekkingarvefinn.

Stærra 0 í skattskýrslunni


Það hefur verið margbent á að nær öll tekjuskattsbyrðin liggi á launamönnum en gróðamenn í atvinnurekstri sleppi nær alveg Þessu hefur burgeisastéttin komið í kring með fjarska "hagstæðum" afskriftareglum fyrir auðmennina. Í nýja frumvarpinu -- þannig gert ráð fyrir að útgerð megi fyrna 30% af stofnkostnaði fiskiskipa fyrsta árið og síðan 30% af því sem eftir

FRAMHALD Á 2. SÍÐU.

Stöndum vörð um 200 mílurnar

Eins og kom fram í STÉTTABARÁTTUNNI 15. feb. s.l. lét sjávarútvegsráðherra hafa eftirfarandi eftir sér í sambandi við samningana við færeyingana. "Samningar við aðrar þjóðir um þann fisk sem við nýtum ekki sjálfir eru fullkomlega í samræmi við stefnu Íslands í hafréttarmálum".

Fáviskan sem skín úr orðum ráðherrans er ills viti eða er hann e.t.v. að boða að á eftir þessum samningum muni aðrir fylgja? Samningurinn breytir allavega engu um það að samkvæmt orðum íslenskra fiskifræðinga og stjórnvalda má enn stórauka sóknina í íslenska loðnustofninn. Og ráðherranum gleymdist" sú staðreynd er hann gaf út fyrrnefnda yfirlýsingu að það eru fleiri en færeyingar sem gætu vel hugsað sér að komast í íslensku loðnuna. Verksmiðjuflotar Sovétríkjanna og annarra austantjaldsríkja eru að hverfa af Grænlandsmiðum sem eru



Skemmdir á Tý kannaðar eftir árekstur á miðunum við breska herskipið Nyads í apríl 1976.

uppurin. Strandríkin við Atlantshaf eru nú sem óðast að loka á þessa flota. Auk Íslands og EBE-ríkjanna hafa Noregur, Færeyjar, Kanada og Bandaríkin tekið sér 200-mílna lögsögu. Aðrar þjóðir berjast nú ötullega gegn því að floti Sovétmanna komi inn í þeirra lögsögu ekki aðeins af ótta við njósnir þeirra heldur fyrst og fremst vegna þess að þau svæði sem þeir fara yfir eru sem eyðimörk á eftir.

Er loðnustofninn vannýttur?

Norður-Atlantshafsnefndin en hana skipa fiskifræðingar viðkomandi ríkja álítur alla fiskistofna á svæðinu sem þýðingu hafa, nema þrjá, vera ofnýtta, þó svo að sú ofnýting sé á mjög mismunandi stigi. Kolmunni og íslenski loðnustofninn eru sagðir stórlega vannýttir. Þriðji stofninn sem ekki er talinn ofnýttur

FRAMHALD Á 3. SÍÐU.

Baráttufundur verkakvenna 8.mars



Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir

Þriðjudaginn 8. mars gengst Kommúnistaflokkur Íslands fyrir fundi í tilefni alþjóðlegs baráttudags verkakvenna. Fundurinn verður haldinn í Alþýðuhúskjallaranum, Hverfisgötu 8. Klukkan 20⁰⁰.
Ræður flytja: Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, formaður Sóknar. Soffía Sigurðardóttir, verkakona og Lilja Kristjánsdóttir, Afgreiðslustúlka.
Skemmtiefni verður flutt.
Verkakonur, fjölmennum.



Lilja Kristjánsdóttir



Eðvarð Sigurðsson, einn helsti forsvarssmaður stéttasamvinnu innan verkalýðshreyfingarinnar í samtali við Jón H. Bergs.

Dagsbrún: Forystan gegn verkamönnum

Félagsfundur var haldinn í Dagsbrún 20. feb. og mættu þar um 150 verkamenn. Fundarstjóri var Eðvarð Sigurðsson formaður félagsins og setti hann fundinn kl. 2 og áminnti menn um að vera stuttorða. Guðmundur J. Guðmundsson hélt framsöguræðu um kjara-og samningamálin sem auglýst höfðu verið sem umræðuefni fundarins. GJG sér marga vankanta á þjóðfélaginu t.d. að stórfyrirtæki eins og Fiat, Ford og Egill Vilhjálmsson skuli ekki borga krónu í tekjuskatt. En GJG sér einungis gallana en engar lausnir á þeim. Hann bar upp tvær tillögur f.h. stjórnarinnar.

Tillögur stjórnarinnar

Fyrri tillagan var að Dagsbrún segði nú þegar upp samningum með tilskildum fyrirvara. Sú síðari var: Fundur í Verkamannafélaginu Dagsbrún, haldinn 20. feb. ítrekar enn einu sinni hin hörðustu mótmæli félagsins gegn stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, verðlags og skattamálum, sem leitt hefur til gegndarlausrar verðhækkunar á brýnustu nauðsynjarvörum og þjónustu og viðhaldið óðaverðbólgu og kjaraskerðingu Af þessum sökum er kaupmáttur launa almenns verkafólks orðinn algerlega óviðunandi og getur með engu móti staðið undir eðlilegum rekstri heimilanna. Verkalýðshreyfingin hefur nú ákveðið sókn gegn þessu böli í komandi kjarasamningum. Fundurinn leggur áherslu á að í þeim samningum verður að stórhækka kaup einkum þeirra sem við lakastan hlut búa og að kaupið verði verðtryggt með óskertri vísitölu og að beinir skattar á tekjur verði stórlækkaðir eða afnumdir. Jafnframt leggur fundurinn áherslu á að af hálfu stjórnvalda verði gerðar víðtækar ráðstafanir til þess að umsömdum kauphækkunum verði ekki velt út í verðlagið. Til að ná árangri í komandi kjarabaráttu leggur fundurinn áherslu á að verkalýðshreyfingin verður að mæta sameiginlegum andstæðingi með einhug og fullri samstöðu.

Ljóst er af seinni tillögu stjórnarinnar eins og segir í byrjun hennar að einungis er verið að tyggja upp enn einu sinni sömu gömlu tugguna. Tillagan setur forystumönnum verkalýðshreyfingarinnar engar skorður um hversu lágt lægsta kaup má vera, ekki er minnst á samþykkt félagsfundarins í Dagsbrún 21. nóv. '76 um vísitölutryggð lífvænleg laun fyrir dagvinnu þ.e. í dag 150 þús. kr. á mánuði, auk þess sem bónleiðin er farin til stjórnvalda sem þó er söguleg staðreynd að er gagnslaust, í stað þess að velja leið baráttunnar.

Tillögur verkamanna

Á fundinum ríkti hörð barátta milli baráttufúsra Dagsbrúnarverkamanna annars vegar og stjórnar Dagsbrúnar hins vegar. Sú regla gilti að þeir sem vildu skrá sig á mælendaskrá urðu að gera það skriflega. Tveir verkamenn létu skrá sig undir þann lið sem er föst venja á fundum þ.e. önnur mál. Stjórnin tilkynnti þá að sá liður hefði ekki verið auglýstur og þeir fengu ekki að tala. Það mæltist illa fyrir og verkamennirnir létu skrá sig aftur og fengu þá orðið undir auglýstum dagskrárlið Skýrði annar frá svikum stjórnarinnar á samþykktum síðasta félagsfundar um lífvænleg laun fyrir dagvinnu og á útgáfumálum félagsins. Bar hann upp tillögu þar sem hann tiltók

framhald bls. 3

LEIÐARI

Skipuleggjum andstöðuna gegn uppgjafar stefnu ASÍ

Félagsfundir í Iðju, Dagsbrún og fleiri félögum hafa sýnt hversu brýna nauðsyn ber til að skipuleggja andstöðuna gegn uppgjafarstefnu forystunnar. Eðvarð, Guðmundur J. og þeirra nótar munu halda áfram að hafa vilja félagsmanna að engu, stinga ályktunartillögum og ákvörðunum undir stól að eigin vild, svo lengi sem við skipuleggjum okkur ekki. En hvernig ber að hátta þessari sk[illegible]lagningu? Hún verður að vera á vinnustöðunum sjálfum. Þar eiga verkamenn að ræða vandamál sín, kröfugerð fyrir samninga og hvetja v[illegible]nufélaga sína til að mæta á félagsfundina. Umfram allt þarf umsvifalaust að halda skipulagðan fund með þeim sem eru andstæðir uppgjafapólitík forystunnar og ákveða baráttuna gegn henni og þær leiðir sem best er að fara. Við höfum n[illegible]ilega lengi verið sundruð og ómegnug þess að fá vilja okkar framgengt á félagsfundum. Nú verður að samræma andstöðuna og fylkja fleirum bak við kröfuna um "lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku".

Óskar Gunnlaugsson tekur rétta afstöðu í viðtali sem Þjóðviljinn hafði við hann um daginn, en þar bendir hann á, að það er ekki nægilegt að ná fram kjarabótum við samninga, við verðum líka að geta tryggt að kauphækkunum verði ekki velt út í verðlagið og þær teknar af okkur aftur. Óskar bendir á leið verkfallsbaráttunnar, sem eina vopnið í glímunni við kjaraskerðingu atvinnurekenda. En þess ber líka að gæta, að forysta verkalýðshreyfingarinnar mun ekki styðja eða skipuleggja slíka skærubaráttu. Þvert á móti mun forystan snúast gegn slíkri baráttu og reyna að hindra hana á allan hátt. Við þekkjum það af reynslunni, frá Reykjavíkuhöfn, í baráttu kranamanna og annars staðar. Það er ekki nein tilviljun, að ASÍ-forystan setur fram kröfuna um "100 þúsund króna lágmarkslaun" og fær lof í eyra frá Alþýðuflokknum, Alþýðubandalaginu, og Eikm-l. Þessi krafa þýðir aðeins eitt: viðurkenning á kjaraskerðingunni. 100 þúsund króna lágmarkslaun merkja að verkafólk fær aðeins 67% framfærslukostnaðar fyrir dagvinnu og verða því að afla 33% með eftirvinnu. Þannig væri verið að viðurkenna og samþykkja kjaraskerðinguna. Forysta verkalýðshreyfingarinnar gengur erinda auðvaldsins í einu og öllu. Til þess að lægja reiðiöldurnar, beitir hún ýmist táli eða hörðu. ASÍ-þingið samþykkti kröfugerð sem allir sjá að er allt of lág, jafnvel þótt vísitölubinding verði á lægstu laun. Við höfum áður fengið að reyna hvernig ríkisstjórnin stendur við loforð sín um "verðstöðvun" og vísitölubindingu launa. Vísitalan hefur bæði verið fölsuð og henni kippt út sambandi, þegar hagsmunir atvinnurekenda krefjast þess. Við megum búast við slíkum árásum af hálfu ríkisstjórnarinnar hvenær sem er. Tálvon[illegible]m ASÍ-forystunnar um vísitölubindingu án baráttu ber ekki að teysta. Og ólýðræðisleg vinnubrögð AB-foringjanna í Dagsbrún og Iðju verður að fordæma. Þessir menn verða að víkja fyrir öðrum, sem eru í nánari tengslum við lífskjör verkafólks. Og pólitísk uppgjafarstefna þeirra verður að víkja fyrir baráttustefnu. Þá verða verkalýðsfélögin að raunverulegum baráttutækjum í höndum verkafólksins. Til þess að lyfta slíku Grettistaki þarf að hefjast þegar handa um að skipuleggja andstöðuna og móta baráttuna gegn svikum forystunnar.

26. febrúar 1977.

SKATTAFRUMVARPIÐ:...

FRAMHALD AF FORSÍÐU.

er annað árið. Meira en 50% af stofnkostnaðinum er þannig afskrifaður á aðeins tveimur árum. Það gefur auga leið að slíkar afskriftareglur gera útgerðarauðvaldinu kleift að sleppa vel undan sköttum.

En samhliða þessum fríðindum til útgerðarmanna er fyrningarprósentan á íbúðarhúsnæði lækkuð úr 1% í 0,2% ef um íbúð í steinhúsi er að ræða. Samhliða því sem ríkisstjórnin ákveður að bæta nokkrum tugum þúsunda við skattinn hjá einstæðum foreldrum hefur hún í hyggju að auka enn þessi skattfríðindi auðmannanna. Það gerir hún með hækkun fasteignamatsins.

Þessarri hækkun núna um áramótin fylgdi að sjálfsögðu lækkun fyrningar á íbúðarhúsnæði (svo skatturinn minnkaði nú örugglega ekki á launafólki) en hinsvegar var heimilt að afskrifa áfram á sömu prósentu atvinnuhúsnæðis. Hagur kapítalistanna er augljós. Fasteignamatið sexfaldast, fyrningarprósentan stendur í stað: meira auðmagn má afskrifa, lægri skattar.

Tökum dæmi: Fyrirtæki á atvinnuhúsnæði sem kostar 120 milljónir skv. nýja fasteignamatinu. Í fyrra nam matið aðeins 1/6 þessarar upphæðar eða 20 milljónum. Í fyrra gerðu afskriftareglurnar eigendunum fært að draga 2,3 milljónir af tekjum fyrirtækisins undan skatti. Í ár geta þeir ekki aðeins dregið 2,3 milljónir heldur 13,3 milljónir. Hækkun afskriftanna er því um 11 milljónir á aðeins einu ári. Það gerir hækkun fasteignamatsins. Þetta merkir að gróði fyrirtækisins seinasta ár hefði mátt vera 11 milljónum meiri en árið 1975 án þess að tekjuskatturinn hefði hækkað um eina krónu.

Þetta er svar ríkisvaldsins við þeirri kröfu launafólks að misréttinu í skattamálum verði útrýmt.

MVS.

Óheillaþróun EIKm-l

Sundrung í stað einingar

Þessa dagana ríkir sigurvíma í EIKm-l. Nú hefur öllu tali um einingu verið varpað fyrir róða en í staðinn er Verkalýðsblaðið fullt af óhróðri og lygum um Kommúnistaflokkinn og búralegu sjálfshóli. Virðist svo sem brotthlaup fámennrar klíku úr Kommúnistaflokknum valdi þessum veðrabrigðum, þar sem lognið ríkir oftast. En hver er raunveruleg stefna EIKm-l?

Afturhaldssöm kröfugerð.

Innan verkalýðshreyfingarinnar er nú að rísa öflug andstaða gegn svikum ASÍ-forystunnar. Æ fleiri gera sér ljóst, að forystan stendur gegn baráttu verkafólks og að henni verður að víkja frá. Til þess að halda andlitinu gagnvart verkafólki hefur ASÍ-forystan sett fram kjörorðið "100 þúsund króna lágmarkslaun og vísitölubindingu lægstu launa". Hér er á ferðinni kjörorð sem ekki færir verkalýðinn feti nær raunhæfum kjarabótum. Það hefur verið bent á, að 50% kauphækkun megi alveg eins velta út í verðlagið, eins og öðrum kauphækkunum. ASÍ-forystan veit þetta vel og henni er líka fullkunnugt um að á þeim tíma sem líður frá ASÍ-þinginu og þar til samningar verða gerðir í maí verða 100 þúsund krónur langt undir framfærslukostnaði. Baráttuna verður að heyja með tvennt í huga, að afnema eftirvinnuna og gera dagvinnulaun næg til framfærslu, og að skipuleggja baráttuna til að halda kjarabótunum eftir samninga.

EIKm-l styður ASÍ-forystuna.

Gegn þessu snýst ASÍ-forystan og hún fær óvæntan stuðning frá EIKm-l og trotskistunum. EIKm-l tekur nefnilega fullkomlega undir kröfugerð ASÍ-forystunnar og ræðst harkalega að félögum KFÍ/ML fyrir að gera ekki slíkt hið sama. Í verkföllunum í fyrra töldu forvígismenn EIKm-l að nægilegt væri að halda kaupmætti ársins 1974. Nú hafa þeir eins og aðrir hækkað kröfugerð sína, hóflega þó, upp í kaupmátt ársins 1975. Nú telja EIKm-l að 67% framfærslukostnaðar séu vel við hæfi fyrir verkalýðinn. En það þýðir, að verkafólk þarf að afla þriðjungi launa sinna í eftirvinnu. EIKm-l telur að verkafólk hafi ekki nægan þroska til að skilja kröfuna um "40 stunda vinnuviku á lífvænlegum launum" og telur að reyna eigi að sameina kröfur ASÍ-forystunnar (þ.e. auðvaldsins) og verkalýðsfjöldans. Þannig hefur EIKm-l snúist gegn kröfum sem koma frá fjöldanum sjálfum, kröfum sem hafa verið samþykktar í fjölmörgum verkalýðsfélögum og á ráðstefnum verkalýðssamtakanna. EIKm-l styður hinsvegar ASÍ-forystuna eindregið. Innan fagfélaganna eru tvær stefnur, önnur borgaraleg og stuðnings Alþýðubandalagsins, Alþýðuflokksins, EIKm-l og afturhaldssinnuð sem nýtur forræðis ASÍ-forystunnar og Fylkingarinnar. Hin er byltingarsinnuð og í þágu verkalýðsins, sem er færð fram af Kommúnistaflokknum og baráttufúsu verkafólki í verkalýðshreyfingunni. Stefna KFÍ/ML er rétt vegna þess að hún tekur mið af kröfum og hagsmunum fjöldans og er andstæð ASÍ-forystunni og endurskoðunarstefnunni.

EIKm-l einangrast í fjöldahreyfingunum.

EIKm-l hafa líka haldið út á háskalega braut í fjöldastarfinu. Þau hafa að mestu yfirgefið baráttuna gegn bandarísku heimsvaldastefnunni og telja Samtök Herstöðvaandstæðinga endurskoðunarsinnuð og ónothæf. Vissulega ráða endurskoðunarsinnar mestu í Miðnefnd Herstöðvaandstæðinga. En eiga marxistar-lenínistar að flýja af hólmi og láta endurskoðunarsinna eina um hituna? Kommúnistaflokkurinn álítur að heyja beri baráttuna innan Samtaka Herstöðvaandstæðinga, gegn endurskoðunarstefnu og uppgjafarhyggju og vinna að því að breyta grundvelli samtakanna á réttan hátt. Þessi afstaða EIKm-l er ekki bundin við baráttuna gegn heimsvaldastefnunni. Innan Baráttuhreyfingar Námsmanna hafa EIK nú gengið út, þau klufu Rauða Æsku á sínum tíma og afstaða þeirra til samfylkingar verður ljós af yfirlýsingum þeirra um að samstarf eða viðræður við Kommúnistaflokkinn komi ekki til greina. EIKm-l hafa tekið svipaða afstöðu og ríkti eitt sinn innan KSML, að víkja fjöldahreyfingunum úr vegi sínum. Þetta kalla EIKm-l "Baudeisma" og fordæma í orði, en framkvæma í verki. EIKm-l líta raunverulega á fjöldastarf sem vogarstöng fyrir samtökin sjálf, en ekki sem baráttu verklýðsstéttarinnar fyrir frelsun. Þau reyna að eigna sér alla ávinninga baráttu verkafólksins og sjálfshólið og grobbið í Verkalýðsblaðinu verður því ógeðfelldara, sem manni er kunnugra um sviksamlega afstöðu þessara samtaka í fjöldastarfinu. Að skoða fjöldann sem óþroskaðan og framkvæmdalítinn en hreykja sjálfum sér er fyllilega ósamboðið marxistum-lenínistum. Það er t.d. dæmigert fyrir EIKm-l að þau störfuðu lítið að undirskriftasöfnun sjómanna í haust, af því að þau áttu ekki von á að geta notfært sér baráttu sjómanna til að auglýsa sig sjálf. Verkalýðsblaðið sakar KFÍ/ML um að vilja ekki samstarf um baráttuna gegn vinnulöggjöfinni. Barátta sjómanna var vissulega barátta gegn vinnulöggjöfinni. Af hverju studdu EIKm-l ekki þá baráttu betur? Nei, EIKm-l hafa nú varpað af sér einingarhamnum og hafnað öllu samstarfi við Kommúnistaflokkinn. Það sýnir einingarviljann í verki og markar brautina fyrir einangrun EIKm-l sem máttlítils gagnrýnihóps á starf og stefnu KFÍ/ML.



ÚR BARÁTTUNNI

AF HVERJU EKKI LÁGLAUNARÁÐSTEFNU

Hvers vegna stendur Dagsbrúnarstjórnin gegn því að haldin sé láglaunaráðstefna? Meiga verkamenn ekki koma saman og ræða um kjörin og baráttuaðferðir til að tryggja þau? Ekki ef marka má viðbrögð Eðvarðs Sigurðssonar á síðasta félagsfundi 20. feb. Þar kallaði hann tillögu um láglaunaráðstefnu "ofskipulag" og neitaði að bera hana undir atkvæði fundarmanna. Þessar einræðislegu aðfarir eru ekki í þágu okkar verkamanna.

Það er ekki til mikils mælst að fá að ræða þessi mál, á opinni kjararáðstefnu verkamanna. Ekki ættu forystumenn okkar að vera hræddir við þær skoðanir sem vinnandi verkamenn hafa á þessum málum, þeir telja sig vera að berjast fyrir okkar kjörum. Það er krafa okkar að stjórn Dagsbrúnar endurskoði afstöðu sína í þessu máli og efni til láglaunaráðstefnu sem opin er verkafólki. Að öðrum kosti verðum við að telja þá hrædda við þær skoðanir sem vinnandi verkamenn hafa á þessum málum. O

AÐ TRYGGJA KAUPMÁTT

Það er ekki nóg að ná fram kjarabótum ef ekki er hægt að tryggja kaupmátt. Við þekkjum hvernig rauðu strikin sem samið var um í síðustu samningum hafa dugað. Þá var sagt að kaupmáttur væri tryggður og að betri kauptrygging næðist ekki fram. ASÍ-þingið síðastliðið haust ályktar síðan sem svo að það þurfi að vísitölutryggja lægstu launin. Ekki öll laun verkafólks, heldur aðeins þau lægstu. Þetta er ekki að setja markið hátt. Verkalýðshreyfingin þarf að koma sér upp eigin "vísitölufjölskyldu" sem hægt er að styðjast við, við útreikninga. Verðhækkanir er hægt að reikna út mánaðarlega, þannig að kauphækkanir ættu ekki að vera svo langt á eftir verðhækkunum. Þannig mætti tryggja nokkurn veginn fullan kaupmátt launanna.

Það er krafa verkafólks að í komandi samningum verði komið á fullri og raunhæfri vísitölutryggingu launa. Engan undanslátt eins og rauðu strikin, eða vísitölutrygging hluta launanna, heldur fulla vísitölutryggingu sem verkalýðshreyfingin reiknar sjálf út.

O

ENGA SKATTA Á ÞURFTARLAUN:

Hverjir eru það sem borga meginhlutann af sköttunum? Launafólkið í landinu. Stórfyrirtækin, sum hver með milljarða veltu, borga enga tekjuskatta. Dæmin skipta hundruðum. Á sama tíma er verkafólk sem v[illegible]nnur gegndalausa yfirvinnu skattlagt fyrir eigin dugnað.

Þess vegn verður að setja fram þá kröfu á hendur ríkisvaldinu og atvinnurekendum að verkafólk borgi enga skatta af þurftarlaunum, eða þeim tekjum sem verkamannafjölskyldan þarf sér til mannsæmandi lífs.

Einnig er það krafa okkar að atvinnurekendur verði skattaðir. Þeir þekkja ekki hvað það er að fá hálftóm launaumslög þessa mánuðina. Þrátt fyrir að samið hafi verið upp á loforð frá ríkisvaldinu um lægri skatta er staðreyndin önnur. Gegn þessu verður að snúast í komandi samningum. Við verðum að leggja út í sókn með sigur að markmiði.

HVERNIG KEMST ÞÚ Í SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS/ML?

Miðstjórn: Pósthólf 1357. Reykjavík, einnig í síma 27810
Ritstjórn Stéttabaráttunnar og Rauða Fánans: Pósthólf 1357, sími 27810 á opnunartíma Rauðu Stjörnunnar Lindargötu 15.
Neskaupstaður: Messíana Tómasdóttir, Þiljuvöllum 38.
Snæfellsnes: Sigfús Almarsson Hellisbraut 10. Hellissandi.
Ísafjörður: Kristinn Karlsson Fjarðarstræti 7.
Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Reykjarvíkurvegi 24.
Suðurnes: Jónas H Jónsson Holtsgötu 26. Njarðvík. s. 2641.

FRAMMHALD AF FORSÍÐU

Dagsbrún: Forystan gegn verkamönnum

menn í ritnefnd að blaðinu Dagsbrún. Hinn var óánægður með hve langt liði á milli félagsfunda og hve þeir væru illa auglýstir Bar hann upp tillögu þess efnis að félagsfundir verði haldnir einu sinni í mánuði og oftar ef þurfa þykir. Einn verkamaður sýndi fram á nauðsyn þess að Dagsbrún gengist fyrir láglauna. ráðstefnu eigi síðar en 15. mars og að óbreyttir verkamenn sætu kjararáðstefnu ASÍ, en ekki eingöngu miðstjórn og sambandsstjórn ASÍ, aðild að ASÍ og flutti hann tillögu þess efnis. Um kjara-og samningamálin hélt verkamaður 8 mín. ræðu (Eðvarð tók tímann) og flutti tillögur um að Dagsbrún berðist fyrir í komandi samningum að:
-lífvænleg laun fengjust fyrir dagvinnu, vísitölutryggð að fullu
- þurftarlaun væru skattfrjáls
-samningar væru lausir hvenær sem til kjaraskerðingar kæmi
-og auk þess:allar samþykktir félagsfunda verði birtar í fjölmiðlum.

Tillögur EIKm-l

Fulltrúi EIKm-l talaði á fundinum og flutti tillögur um að:
-samið verði upp á lágmarkslaun kr. 100 þús. á mánuði
- fullar vísitölubætur komi á öll laun í formi jafnrar krónutölu á öll laun og að vísitöluhækkun verði miðuð við hækkun framfærslukostnaðar
- félagsfundir verði ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði
- Dagsbrún gengist fyrir láglaunaráðstefnu fyrir 20. mars

Viðbrögð stjórnarinnar

Eðvarð Sigurðsson og Guðmundur J. Guðmundsson héldu uppteknum hætti og töluðu samtals í 2 klst. á fundinum, sem stóð í 4 klst. Þeir ásamt Halldóri Björnssyni voru mjög óánægðir með allar tillögur óbreyttra verkamanna sem fram komu á fundinum og létu það óspart í ljós. Varðandi svik á samþykktum félagsfundar hafði stjórnin ekkkert að segja. Svikin fóru fram á ASÍ-þinginu 29. nóv. - 3. des. '76, þegar þeir í trássi við samþykktir félagsfundar samþykktu að krafan í verkalýðsbaráttunni væri 100 þús. kr. lágmarkslaun og hvergi er minnst á að það sé fyrir dagvinnu. Varðandi útgáfu félagsins á blaðinu Dagsbrún, sagði Eðvarð að stjórnin hefði þegar skipað 3 menn í ritnefnd þá Guðmund J. Guðmundsson, Baldur Bjarnason og einn til. Þeir væru þegar búnir að ákveða efni í þau 5 tölublöð sem eiga að koma út á árinu en í samþykkt sem gerð var 21. nóv. segir:"Félagið skal gefa út blaðið Dagsbrún reglulega og skal öllum félagsmönnum standa opið að skrifa í það". Stjórnin virðist ekki vera hlynnt því að skoðanir félagsmanna komi í ljós.

Varðandi kjararáðstefnu ASÍ og láglaunaráðstefnu sagði þingmaðurinn að stjórn Dagsbrúnar væri búin að skipa fulltrúa sinn á ASÍ þingið svo það væri of seint að kjósa nýjan. Láglaunaráðstefnan væri "ofskipulag" á verkalýðshreyfingunni og því alls endis óþörf. Eðvarð vill ekki að verkamenn taki þátt í eigin kjarabaráttu.

Varðandi skattamálin sagði Eðvarð að tillaga stjórnarinnar væri róttækust eða "gengi lengst". Þ.e.a.s. að skattar verði stórlækkaðir eða afnumdir. Krafa verkamannanna var: Enga skatta á þurftarlaun þ.e. 150 þús. á mánuði.

Varðandi tillögu EIKm-l um kjara-og samningamálin, sagði Eðvarð að hún væri nákvæmlega sú sama og tillaga stjórnarinnar þ.e. 100 þús. á mánuði og það er vissulega alveg rétt.

Um aðrar tillögur hafði Eðvarð ekkert að segja, nema ef tillaga stjórnarinnar um kjara-og samningamálin, sem yrði borin upp fyrst, yrði samþykkt, kæmu aðrar tillögur um þau mál ekki til atkvæða. Þessi ákvörðun fundarstjóra sem er tvímælalaust brot á fundarsköpum og félagslögum olli háværum mótmælum meðal fundarmanna. En þingmaðurinn sneri ekki frá því sem hann hafði fastráðið og lét ganga til atkvæða. Greiddu þeir sem meðmæltir voru fyrst atkvæði og voru atkvæði ekki talin en Eðvarð hélt því fram að kosningu væri lokið, og tillagan samþykkt, þó fljótt á litið hefði aðeins um helmingur fundarmanna greitt atkvæði með. Þeir sem á móti voru réttu þá upp hönd og kröfðust talningar á atkvæðum. Eðvarð Sigurðsson formaður neitaði að telja atkvæðin og risu þá allir fundarmenn úr sætum, nema dyggustu áhangendur stjórnarinnar og gengu af fundi til ævarandi skammar fyrir Eðvarð Sigurðsson, Guðmund J. Guðmundsson og Halldór Björnsson. Taldist einum hafnarverkamanni svo til að 90 manns hafi gengið af fundinum. Leystist fundurinn upp nema hvað Eðvarð bar upp tillögu stjórnarinnar um uppsögn samninga og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Aðrar tillögur sem fram komu voru aldrei bornar upp til atkvæða.

Viðhorf Þjóðviljans

Eins og gefur að skilja minnist Þjóðviljinn ekki einu orði á þau átök sem áttu sér stað á fundinum. Tvær smáklausur eru um að fjölmenni hafi verið, hljóðið þungt í verkamönnum eftir kjaraskerðingarnar 3 síðustu ár og þær tvær tillögur sem samþykktar voru er allt sem þeir nefna í Þjóðviljanum 22. og 23. feb., um félagsfundinn.

FRAMHALD AF BAKSÍÐU.
REKSTRARLÁN HANDA ...

ár hvert og griðist út með jöfnum griðslum mánaðarlega frá byrjun hvers árs.
b) Afurðarlán hækki svo að hægt sé að greiða bændum afurðarlan 90 % af verðlagsgrundvallarverði við móttöku vörunnar.
Breytingar búvöruverðs komi til framkvæmda án tafa ársfjórðungslega, eins og ákveðið er í lögum.

ungslega, eins og ákveðið er í lögum.

Viðhöfð verði meiri regla á greiðslum útflutningsbóta en var á síðastliðnu ári, þannig að dráttur á þessum greiðslum valdi ekki bændum óþægindum og tjóni".

Í næstu grein verður vikið nánar að falsáróðrinum um útflutningsbætur og niðurgreiðslur.

Rauður vettvangur Frá Lesendum

Að bjarga heiminum

Að gefnu tilefni verð ég að fá að spyrja að einu, í blaði ykkar flausturslega þó. Finnst ykkur þessi barátta milli t.d. EIK ml og KFÍ ml. skemmtileg: Er hér um einhver dægurmál að ræða þegar leitast er við að koma á kommúnísku skipulagi? Er Er ekki allt of mikill kostnaður vinna, pappírseyðsla, vökur og þrek með meiru eytt í eintóma vitleysu? Ég bara spyr? Maður sér hin ýmsu blöð frá EIK og frá KFÍ og Fylkingunni, hundruð síðna, næstum allt eins, (alla vega tvö fyrrnefnd) eða ég sé ekki betur og ástæðan fyrir þessu bréfi er að mér blöskrar síðasta dreifibréf frá EIK "Til baráttu", það eina sem er ekki samhljóða KFÍ (í meginatriðum) er að EIK heimtar 100.000 kr, lágmarkslaun en KFÍ 160.000 og vegna þessa eru KFÍ barasta ómögulegir og óhæfir verkalýðsleiðtogar. Svo var líka þetta (hið sígilda bull): "Að framansögðu má ljóst vera að EIK m-l eru einu samtökin sem geta byggt upp flokk verkalýðsins"- Sjálfsagt hefur maður lesið svipað hjá KFÍ m-l þ.e. "Að framansögðu má ljóst vera að KFÍ m-l er eini flokkurinn sem getur byggt upp flokk verkalýðsins." Enn spyr ég: Hvað með mottóið: Arðrændir og kúgaðir allra landa SAMEINIST??? Ég meina ég vil vita, sem verkakona, hvers mál m.a. þið teljist berjast fyrir, um hvað er verið að berjast í EIK og KFÍ? Ég hélt að kommúnismi væri vísindi og að um líf og dauða væri að tefla ef þetta skipulag kemst ekki á? Hvað veit ég? Eitt veit ég þó, sem áhorfandi og hlustandi, að þetta er ekki traustvekjandi og dettur mér ekki í hug að starfa með einum flokki og eyða starfsorku í að níða hinn. Hér er nefnilega ekki verið í fótboltakeppni að keppa um bikar. Ha? Hreint út sagt: maður er orðinn hundleiður á þessari togstreitu milli hinna ýmsu vinstri flokka. Komið ykkur að kjarnanum. Getur verið að einhver hér skilji ekki kommunis[illegible]a..

Meðan þessir flokka[illegible]ru alltaf að kljást um ekki [illegible]eitt þá eru þeir auðsjáanlega ekkert afl- ég gef skít í núverandi vinnuaðferðir og ég get ekki betur séð en að þið gefið skít í allt nema að halda ykkar eigin andliti- mér sýnist þó EIK hafa vinninginn í þessari skömm, þeir neita opinberlega samvinnu við KFÍ, einblína á hluti sem skipta ekki meginmáli, gleyma aðalatriðunum í undirstöðu kommúnismans, hvað veldur? Stolt? Ég gef sem sagt skít í þetta því tíminn er of dýrmætur til að eyða honum í að ráðsmennskast með líf verkafólks í nafni kommúnismans án þess að sameinast í sterkari einingu. / NES

STÖNDUM VÖRÐ UM 200M:..
FRAMHALD AF FORSÍÐU.

hæfilega nýttan og byggir hún mat sitt á gögnum frá Noregi. Þarlendir fiskifræðingar hafa þó viðurkennt að dauð loðna sem fundist hefur á reki hafi drepist vegna þess að ekki var nóg æti í sjónum. Samt sem áður þvertaka þeir og þarlend stjórnvöld fyrir það að þessi stofn sé vannýttur. En okkar stofn er semsagt vannýttur og því þykir ráðherranum við hæfi að ítreka "stefnu okkar í hafréttarmálum".

Útreikningar fiskifræðinganna

Fiskifræðingar hafa verið ósparir á að vekja athygli stjórnvalda á þeim möguleikum sem loðnan býður uppá ekki síst til að draga úr sókninni í þorskinn. Því verður samt ekki neitað að stofnstærðarákvarðanir á loðnu eru háðar ýmsum vanköntum og má sem dæmi um ónákvæmni þeirra nefna að fyrir tæpum tveimur árum áætluðu þeir að stofninn væri 6-7 milljónir lesta en nú er hann sagður vera 7-9 (og jafnvel 10) milljónir lesta. Þ.e.a.s. stofninn hefur aukist um 2-4 milljónir lesta á tímabilinu og það þrátt fyrir að klakið í fyrra hafi verið langt undir meðaltali síðustu ára og jafnvel megi tala um að það hafi misfarist alveg. Helstu orsakirnar fyrir ónákvæmni í stofnstærðarútreikningum eru ónógar rannsóknir og gífurlegar sveiflur í stofninum þar sem aðeins tveir árgangar standa undir veiðinni í hvert sinn.

En hvað sem allri nákvæmni í stofnstærðarútreikningum líður þá er það samdóma álit fiskifræðinga að veiða megi 30-40% af loðnustofninum ár hvert eða um 3 milljónir lesta. Það er þrisvar sinnum meira magn en Norðmenn veiða og sex sinnum meira en veiði okkar undanfarin ár. En sem fyrr segir er nákvæmni þessarra talna afar lítil jafnvel svo að munað gæti um 1-2 milljónum lestum við ákvörðun hámarksafla. Með þá er norska loðnan en hana er að finna í gífurlegu magni innan norsku lögsögunnar. á mun stærra svæði en sú íslenska er á. Þennan stofn telur nefndin staðreynd í huga og eins það að klak getur alltaf misfarist er því ráðlegast að auka sóknina í loðnustofninn jafnt og ekki of hratt. Ef stórir erlendir verksmiðjuflotar fengju að hefja hér loðnuveiðar í stórum stíl mjög fljótlega er hætt við að afleiðingarnar yrðu alvarlegar. Með þær staðreyndir í huga er það því glæpsamlegt ef íslenskur ráðherra er að gera því í skóna að semja um stórkostlegar veiðiheimildir til handa öðrum ríkjum.

Ætlar stjórnin að semja?

Því miður virðist margt benda til að orð þau er höfð voru eftir sjávarútvegsráðherra hér að framan hafi ekki verið töluð af vanþekkingu heldur séu auðherrarnir að gæla við þá hugmynd að borga olíuskuldina við Sovétmenn með "fiski sem við nýtum ekki sjálfir" Sovéska verksmiðjuflotann vantar verkefni þar sem hann hefur ýmist gjöreytt þeim miðum sem hann hefur veitt á eða að önnur ríki hafa orðið að hafa vit fyrir honum með því að loka á hann. Það væri honum þess vegn kærkomið að komast í "stórkostlega vannýttan" fiskistofn rétt við sínar bæjardyr.

En olíuskuldin verður vitaskuld ekki greidd með veiðiheimildum slíkir samningar fælu aðeins í sér framlengingu víxilsins á vísitöluvöxtum. Olíuskuldin mun ekkert minnka þótt loðnustofninum verði fórnað. Eina leiðin til að lækka skuldina er að láta Sovétmenn greiða raunhæft verð fyrir iðnaðarvörurnar sem við seljum þeim.

Félagar. Það væru hrein landráð ef íslenska borgarastéttin ætlar sér að hleypa ryksugutogurum inn í fiskveiðilögsöguna. Slíkum landráðatilburðum yrði að svara strax af fullri alvöru. Ekki aðeins með yfirlýsingum og undirskriftum heldur með fjöldafundum, innsiglingu flotans og allsherjarverkföllum launafólks. Félagar. Það er full ástæða til að vera á verði.

/Rvk. 25.2.77.



ÚR BARÁTTUNNI

Gegn kjaraskerðingum.

Verkamenn verða áþreifanlega varir við hvernig vinnulaunin bókstaflega gufa upp og verða að engu í höndunum á þeim. Kaupmáttur launa í dag er að sögn elstu og reyndustu verkamanna lægri en hann var á kreppuárunum (1930-1940). Þá var það atvinnuleysið sem hrjáði verkafólk en þeir sem höfðu vinnu komust sæmilega af með sín laun. Hver er ástæðan fyrir því að sókn verkalýðshreyfingarinnar sem var beitt 1916-1942 hefur smátt og smátt lognast út af? Svarið er að skort hefur forystuflokk, skipaðan traustasta fólki verkalýðsstéttarinnar sem lætur hagsmuni hennar sitja í fyrirrúmi en leggur ekki höfuðáherslu á þingsalastritið. Án slíks flokks sem skipuleggur og stendur fremstur í baráttunni tekst okkur ekki að ná fram kjarabótum, halda þeim né verja verkalýðsstéttina gegn auðvaldinu sem reynir að velta byrðum þjóðfélagsins yfir á herðar vinnandi manna.

FRÆÐSLUFUNDIR BSRB...
FRAMHALD AF BAKSÍÐU.

tók að lýsa "erfiðri" aðstöðu samninganefndar ríkisins, "Ráðherra ákveður summu, sem nefndin má bjóða og þýddi þá lítið fyrir gagnaðila að berja í borðið og krefjast einhvers. Þá væri ekki annað að gera en skipta summunni milli aðildarfélaga BSRB." Ekki komst Ólafur átölulaust upp með þessar úrtölur og komu fram raddir um að "summu" kenningin sýndi vel hvernig ríkisvaldið eldi á innbyrðis samkeppni milli aðila BSRB. Við þessar ákúrur dró Ólafur heldur í land og bað menn ekki misskilja, "auðvitað ætti að sýna hörku í kröfugerð". En verkin tala best og á námskeiðinu kom vel í ljós vanþekking þátttakenda á samningum eigin félaga, hvað þá að þeir þekktu samninga annarra aðildarfélaga. Margur misskilningurinn um "góð kjör hinna" kom fram og var leiðréttur. Þetta sýnir vel að krafa dagsins, sem skilningur er að vakna fyrir á hjá mörgum almennum félögum BSRB er einföldun launastigans og sú höfuðnauðsyn að almennir félagar sæki fundi og móti sjálfir kröfurnar fyrir samningana.

Fram kom að meðlimir BSRB eru nú um 12 þúsund talsins og talið að um helmingur þeirra þiggi laun úr launaflokki B-9 eða lægri, en mánaðarlaun í B-9 eru nú í febrúar rúmar 90 þúsund krónur. Sýnir þetta vel hve fjölmennir hópar láglaunafólks eru innan BSRB. Einnig kom fram að rúmlega helmingur félagsmanna eru konur Ætli það að verða til þess að bandalagið taki upp harða baráttu gegn væntanlegum breytingum á skattalögum, þar sem þær breytingar beinast ekki síst að því að auka skattpíningu hjóna sem bæði neyðast til að vinna utan heimilis sér til framfæris.

En sú barátta, kröfurnar um einföldun samninga og fyrir fullri vísitölutryggingu á lífvænleg laun verða ekki settar á oddinn né til sigurs bornar, nema hinir almennu félagar þrýsti á forystuna og taki málin í sínar hendur. Fyrir þessu er vaknandi skilningur og fræðslufundirnir eru góð byrjun.



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



STÉTTABARÁTTAN
7. tbl 6. árg. 1/3 1977.

Útg.: Kommúnistaflokkur Íslands m-l

STÉTTABARÁTTAN kemur út vikulega

Sími: 27810
Gíró 27810-6.

Ábyrgðarm.: Sigurður Ingi Andréson

Landbúnaðarmál

Önnur grein

Rekstrarlán handa bændum

Eins og minnst var á í síðasta blaði, er óhóflegur dráttur á því að bændur fái laun sín greidd.

Hjá sauðfjárbændum líða oftast um 2 1/2 ár frá því að fyrstu peningar til framleiðslunnar eru lagðir út þar til greiðslu uppbóta er lokið. Ég ætla að lýsa þessu með dæmi, en tek fram að tölur eru ekki nákvæmar enda einungis ætlunin að gefa nokkra hugmynd um það hvernig þessum málum er háttað: Bóndi kaupir áburð fyrir 300 þús. krónur vorið 1974, hann á heyvinnuvélar að verðmæti 4 millj. króna. Kostnaður við heyskapinn um sumarið gæti numið 200 þús. krónum auk allra launa bóndans. Næsta vetur gefur bóndinn sauðfé sínu heyið og sleppir svo fénu á fjall um vorið. Allan tímann vann hann auðvitað og auk þess keypti hann fóðurblöndu fyrir 200 þús. krónur og greiddi ýmsan kostnað, svo sem lyfjakostnað með 100 þús. krónum. Haustið 1975 koma svo dilkarnir af fjalli. Dilkunum er slátrað og bóndinn fær kannske 60-70% af verðmæti þeirra greitt út. Er þá liðið um 1.1/2 ár frá að fyrstu peningarnir voru lagðir út til framleiðslunnar.

Allt næsta ár - til hausts 1976- er svo verið að selja afurðirnar. Greiddar eru svokallaðar verðlagsuppbætur þá og í þjóðfelagi með 30 - 50 % verðbólgu er það orðinn býsna drjúgur hluti af laununum. Kúabóndinn ber á vorið 1976, en hann fer strax veturinn eftir að fá afraxtur vinnu sinnar, því kýrnar mjólka allt árið. Hann fær tekjur sínar jafnar árið um kríng, og er að þessu leiti betur settur en fjárbóndinn. En síðar verður vikið nánar að þeim mun sem er á aðstöðu sauðfjár og kúabænda. Síðastliðið haust gerðist það svo að verðlagsbætur komu ekki á réttum tíma og óánægja svall meðal bænda. Sunnlenskir bændur héldu fundi í haust þar sem samþykkt voru mótmæli og nýlega héldu bændur í Borgarfirði fund, þar sem þeir samþykktu meðal annars eftirfarandi:

" Lánafyrirgreiðsla tio slátursleifishafa og annara sem hafa búsafurðir til sölumeðferðar í umboði bænda verði stóraukin.

a) Rextrarlán verði stóraukin þannig að þau nemi 75% af sauðfjárinnleggi í byrjun sept.

FRAMHALD Á 3. SÍÐU.



Dráttarvél með áburðardreifara. Myndin er tekin í Mývatnssveit vorið 1974. Stór hluti af tíma margra bænda fer í ferðir til og frá vinnustöðum, sem eru í 10-20km vegalengd frá bæjunum.

Daoud Kaloti kom ekki

Daoud Kaloti, aðalfulltrúi PLO á Norðurlöndunum , kom ekki til landsins, eins og sagt var frá í síðasta blaði. Af óviðráðanlegum orsökum gat hann ekki komið, en hann mun heimsækja Ísland í vor í staðinn.

Stofnfundur Palestínunefndarinnar á Íslandi verður haldinn helgina 12. til 13. mars og verður hann auglýstur nánar í byrjun mars. Þeir sem hafa hug á að sækja stofnfundinn geta látið skrá sig á sýningu Palestínskra mynda og veggblaða, sem stendur yfir í Gallerí SÚM við Vatnsstíg.

Fræðslufundir BSRB

Undanfarið hafa verið haldnir fræðslufundir á vegum BSRB víðsvegar um landið. Einn slíkur var haldinn á Ísafirði dagana 4. og 5. febrúar síðast liðna. Námskeið þessi eru opin öllum meðlimum aðildarfélaga BSRB og var námskeiðið á Ísafirði fjölsótt, milli 30 og 40 þátttakendur báða dagana. Tilgangur þessarra námskeiða sagður sá að glöggva þátttakendur á refilstigum: launaflokka og þrepa, aðalkjarasamnings, sérkjarasamninga, laga um réttindi og skyldur, reglugerðir erindisbréfa og s.frv. En þetta meistaralega þéttriðna net sem ekki er á færi eins manns að setja sig inn í, öðruvísi en hann helgi sig því eingöngu, er ein af meginástæðunum fyrir samstöðuleysi og innri samkeppni ríkis og bæjarstarfsmanna í kjaramálum. Auk þess átti námskeiðið að skýra fyrir þátttakendum, flókna og skrifræðislega skipulagningu samtaka þeirra, enda ekki vanþörf á. Kom líka í ljós að tveir eftirmiðdagar dugðu skammt, nema til að tæpa á einstökum atriðum og lofsyngja forystu samtakanna.

Fyrsta atriðið á dagskránni voru hin nýju lög um kjarasamninga BSRB og ríkisins, sem forystan kýs að kalla lög um "verkfallsrétt". Við nánari athugun kemur í ljós, að forysta bandalagsins hefur samið við ríkisvaldið um löggjöf sem í flestum meginatriðum er hliðstæð (eða enn verri) frum - frumvarpi því um vinnulöggjöf, sem ríkisvaldið ætlar nú að þröngva upp á verkalýðshreyfinguna. Frumvarp sem gengur það langt til skerðingar á verkfallsréttinum að jafnvel topp-kratar í forystu verkalýðshreyfingarinnar hafa neyðst til að andmæla því (með semingi þó). Fulltrúar stjórnar BSRB á námskeiðunum Þeir Ólafur Ólafsson formaður LSFK og Baldur Kristjánsson erindreki BSRB, töldu þetta "samkomulag betra en ekkert og stórt spor fram á við". En allir hljóta að sjá, hve áróðursleg staða ríkisvaldsins gagnvart verkalýðsfélögunum styrkist við það að forystumenn jafn fjölmennra launþegasamtaka og BSRB, hafa samþykkt þessa lýðréttinda skerðingu af fúsum og frjálsum vilja undir því yfirskyni að allt sé betra en ekkert. Í lögum þessum eru mjög hliðstæð ákvæði og í frumvarpinu um vinnulöggjöfina, hvað snertir langan frest á uppsögn samninga og boðun verkfalla, vald sáttasemjara, um fjölda félagsmanna er greiða þurfa atkvæði um sáttatillögur til að gilt sé o.s.frv. Síðast en ekki síst er í lögum þessum eins og í frumvarpinu um vinnulöggjöfina, lagaleg staðfesting á ólýðræðislegri miðstýringu á kjarabaráttunni

Eftir að Ólafur hafði skýrt frá "samningsréttar" lögunum, hóf hann að kynna aðalkjarasamninginn frá 1. apríl 1976. Var sú kynning heldur yfirborðsleg, en fyrst kastaði þó tólfunum er hann með vorkunnsemi

FRAMHALD Á 3. SÍÐU.

Skæruverkföll í stað alsherjarverkfalla

Hvaða baráttuaðferðum eigum við Dagsbrúnarmenn að beita í komandi kjaraátökum? Við þekkjum baráttuaðferð þá sem forystumenn ASÍ hafa beitt undanfarin ár. Allsherjarverkföllin, sem atvinnurekendur vissu af mörgum mánuðum áður en þau komu til framkvæmda. Þau urðu aðeins til að létta á pyngju okkar, til þess að við gengjum að þeim samningum sem náðust fram. Af þessu má ljóst vera að allsherjarverkföllin eru ekki vænleg til árangurs í kaupgjaldsbaráttu okkar, þau bitna verst á okkur. Verkfallsvopnið kemur ekki að gagni nema því sé beitt á réttum tíma og komi atvinnurekendum á óvart.

Árið 1942 var stórt ár í sögu verkalýðshreyfingarinnar, ár sigursælla skæruverkfalla og sóknar í kaupgjaldsbaráttunni.

Við verðum alvarlega að fara að hugsa um hvort einstakir hópar verkamanna eiga ekki að fara út í skæruverkföll, til að brjóta niður samstöðu atvinnurekenda. Þrátt fyrir að ASÍ telji sig ekki geta stutt slík verkföll opinberlega verðum við að beita þeim aðferðum sem duga. Ef við leggjum ekki út í baráttu vinnum við ekki sigra.

Kaupmáttur verkamannalauna hefur aldrei verið eins lágur jafnvel á kreppuárunum var hann hærri. Það er ekki hægt að bjóða okkur upp á það að slást um næturvinnuna lengur, það sem við viljum er að lifa á dagvinnunni. Það er sú krafa sem við verðum að leiða til sigurs annað er ekki boðlegt ef við eigum að kallast siðmenntuð þjóð.

Grænlandsfundur

Sunnudaginn 20. feb. var haldin grænlandskynning á vegum Rauðrar æsku (félag ungra kommúnista). Tilgangurinn með þessari kynningu var að vekja áhuga æskufólks á málefnum grænlenskrar alþýðu. Í tilefni kynningarinnar var boðið Grænlandshópnum, en þann hóp hafa myndað áhugasamir einstaklingar sem vilja stuðla að því að auka þekkingu og áhuga almennings á málefnum og menningu grænlenskrar alþýðu. Grænlandshópurinn hefur flutt nokkur erindi um ástandið á Grænlandi í dag í útvarpinu og gefið þar nokkra mynd af eðli nýlendukúgunar dana á grænlendingum. Á Grænlandskynningunni var leikin grænlensk tónlist, síðan fluttu félagar Grænlandshópsins nokkra tölu um ástandið á Grænlandi í dag. Á eftir var gert kaffihlé og leikin grænlensk tónlist á meðan. Eftir kaffihlé voru lagðar fyrirspurnir fyrir meðlimi Grænlandshópsins og urðu umræður líflegar. Það má því segja að Grænlandskynningin hafi tekist í alla staði vel.

Gegn sérsamningum Eimskips og Dagsbrúnar

Sérsamningarnir sem Dagsbrún og Eimskipafélagið, gerðu á milli sín 1974, hafa valdið mikilli óánægju meðal hafnarverkamanna. Verkamenn fengu að vísu 16 % kauphækkun ef þeir voru fastráðnir, en mistu í staðin eftirmiddagskaffitímann í dagvinnu, þannig að kaffi er ekki tekið fyrr en kl. 4.40. Auk þess var vinnuálag á verkamenn aukið, og þá sérstaklega í lestunum.

Nú þessa dagana, eru verkamenn að safna undirskriftum gegn því að búið er að setja sérsamninganna við Eimskip inn í aðalsamninga Dagsbrúnar. Það gerir það að verkum, að ef á að fella þessa sérsamninga verður að fella heildarsamninga Dagsbrúnar þá um leið. Þetta veit Dagsbrúnarstjórnin, þessvegna var þessi hátturinn hafður á. Eftirfarandi texti er í haus undirskriftalistanna:

Þegar síðustu aðalsamningar voru samþykktir 1. mars 1976, kom það í ljós að sérsamningar Eimskipafélagsins og Dagsbrúnar, vegna breyttrar tilhögunnar við hafnarvinnu voru komnir inn í aðalsamninga

Þetta kom okkur hafnarverkamönnum á óvart, það rétta í málinu hefði verið að spyrja okkur áður en sérsamningurinn var settur inn í aðalsamninga af stjórn Dagsbrúnar.

Þersvegna skorum við undirritaðir hafnarverkamenn hjá Eimskip, Togaraafgreiðslunni og Ríkisskip á stjórn Verkamannafélagsins Dagsbrúnar að fella sérsamninganna út úr aðalsamningum án tafar.

A. Vinna verði samfelld frá kl. 07.55 til kl. 12.00 og frá kl. 13.00 til kl. 16.40.

B. Unninn kaffitími fyrir hádegi greiðist með álagi og skal það vera jafnt eftirvinnukaupi. Á laugardögum skal álagið þó vera jafnt helgidagakaupi.

C. Kaffitíminn eftir hádegi flyzt til og skal veittur kl. 16.40, þannig, að viðverutíminn styttist um sama tíma og lengd kaffitímans, þegar engin yfirvinna er unnin.

D. Yfirvinna hefst kl. 17.00, og unninn kaffitími á eftirvinnutímabilinu skal greiddur með tvöföldu eftirvinnukaupi eins og að undanförnu.

E. Þegar kaffitími er unninn fyrir hádegi er verkamönnum heimilt, að hafa með sér kaffi á vinnustað, t.d. í lestum, og neyta þess til skiptis, enda geti vinna haldið áfram og stöðvist ekki af þeim sökum.

Framangreindur samningur er byggður á yfirlýsingu aðila frá 2[illegible] júní 1973. Skýringar sem eru viðfestar samning þennan, skal líta á sem nánari túlkun á samningsákvæðum.

Samningur þessi gildir frá 3. marz 1974 og gildir til sama tíma og hefur sama uppsagnarfrest og samningur milli Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands dags. í dag.

Reykjavík, 27. febrúar 1974.

F.h. HF. Eimskipafélags Íslands. F.h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar.

[illegible] [illegible]
[illegible]
Halldór Björnsson

Fyrsta uppkastið sem gert var af sérsamningunum við Eimskip. Þar átti að afnema kaffitíma hafnarverkamanna. Þessi samningur var kolfelldur með atkvæðagreiðslu á fundi Eimskipafélagsverkamanna og Dagsbrúnarforystunnar. Síðan tókst Dagsbrúnarstjórninni og Eimskip að láta samþykkja ólíka samninga í leynilegri atkvæðagreiðslu, sem hefur verið umdeild.